

Frumvarp til laga

um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.).

Frá dómsmálaráðherra.

1. gr.

Í stað orðsins „geðsjúkdóms“ í a-lið 4. gr. laganna kemur: geðröskunar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Orðið „tímabundin“ í 1., 2. og 4. másl. 1. mgr. fellur brott.
- Orðin „hin tímabundna“ í 3. másl. 1. mgr. fellur brott.
- Orðin „hvort sem fjárræðissvipting er tímabundin eða ótímabundin“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.
1. másl. 3. mgr. fellur brott.
- Orðin „tímabundna fjárræðissviptingu skv. 1. mgr. og enn fremur um“ í 2. másl. 3. mgr. falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „Félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila“ í d-lið 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Sveitarfélag þar sem varnaraðili dvelst.

4. gr.

Orðið „tímabundinnar“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. másl. 2. mgr. orðast svo: Dómari skal sjálfur afla sönnunargagna, þ. á m. vottorðs frá a.m.k. einum lækni sem er tilgreindur í kröfu um lögræðissviptingu skv. g-lið 1. mgr. 8. gr., hafi slíkt vottorð ekki fylgt kröfunni, og vottorðs frá öðrum lækni, sem er óháður fyrrnefndum lækni í starfi, auk annarra gagna sem hann telur þörf á.
2. másl. 4. mgr. fellur brott.

6. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna bætast við tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í úrskurði um lögræðissviptingu skal tilgreina hvaða önnur og vægari úrræði í formi aðstoðar hafa verið reynd og af hverju þau eru ekki talin þjóna hagsmunum einstaklingsins. Hafi önnur og vægari

úrræði í formi aðstoðar ekki verið reynd af þeirri ástæðu að þau þykja bersýnilega þýðingarlaus, skal gera grein fyrir því í úrskurði.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „í Reykjavík“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Í stað orðsins „úrskurðinum“ í 1. málsl. a-liðar 4. mgr. kemur: úrskurðarorðinu.
- c. Í stað orðanna „á firmaskrá“ í c-lið 4. mgr. kemur: í fyrirtækjaskrá.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 15. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „sviptingu“ í 1. málsl. kemur: eða helmingur tímans sé liðinn ef svipting var ákveðin í tólf mánuði eða skemur.
- b. 2. málsl. fellur brott.

9. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann þjáist af geðröskun eða fíknisjúkdómi sem er á þeim tíma þess eðlis eða svo alvarlegur að nauðsynlegt telst, vegna heilsu og öryggis hans sjálfs eða ríkra hagsmuna annarra, að hann fái viðeigandi lækni meðferð á sjúkrahúsi og sýnt þykir að meðferðinni verður ekki komið við á annan hátt en með nauðungarvistun.

10. gr.

Í stað orðanna „félagsþjónusta sveitarfélaga, eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila,“ í 20. gr. laganna kemur: sveitarfélag þar sem varnaraðili dvelst.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 21. gr. laganna:

- a. Í stað 1. málsl. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Með beiðni skulu fylgja læknisvottorð tveggja lækna sem mega ekki vera eldri en þriggja daga þegar þau berast sýslumanni, nema alveg sérstaklega standi á. Lúti beiðnin að einstaklingi sem þegar er nauðungarvistaður á sjúkrahúsi skv. 2. mgr. 19. gr. skal að minnsta kosti annar lækna vera óháður því sjúkrahúsi þar sem hann er vistaður.
- b. Í stað orðanna „vottorðinu, sem að jafnaði skal ritað“ í 2. málsl. kemur: vottorðunum, sem að jafnaði skulu rituð.
- c. Á eftir orðinu „óhákvæmileg“ í f-lið kemur: með hliðsjón af skilyrðum 2. mgr. 19. gr. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um þá meðferð sem til stendur að veita hlutaðeigandi einstaklingi, aðrar lækni meðferðir sem eru í boði og krefjast ekki nauðungarvistunar og af hverju þær hafa verið fullreyndar.
- d. g-liður orðast svo: Dagsetningar vottorða, undirskriftir lækna og læknanúmer.

12. gr.

Í stað orðsins „læknisvottorðs“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: læknisvottorða.

13. gr.

Í stað orðanna „læknisvottorði því er fylgdi“ í 2. málsl. 24. gr. laganna kemur: læknisvottorðum þeim sem fylgdu.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. a laganna:

- a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Krafa um framlengingu nauðungarvistunar skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara í þinghá þar sem hinn nauðungarvistaði dvelur.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Með kröfu um framlengingu nauðungarvistunar skv. 1. mgr. skal fylgja yfirlýsing læknis um að vægari úrræði hafi verið fullreynd eða þótt bersýnilega þýðingarlaus og að ekki hafi komist á samkomulag við einstaklinginn sem sætir nauðungarvistun um áframhaldandi meðferð ef þörf krefði. Yfirlýsingin skal að auki hafa að geyma mat læknis um að framlenging nauðungarvistunar sé óhjákvæmileg með hlidsjón af skilyrðum 2. mgr. 19. gr. og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir um meðferð viðkomandi. Einnig skal fylgja vottorð tveggja lækna, meðferðaraðilans og annars sem er óháður hlutadeigandi sjúkrahúsi, og eftir atvikum önnur gögn sem krafa styðst við.

- c. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er að framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um framlengingu nauðungarvistunar skv. 1. mgr. Einnig er heimilt að framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði. Þegar krafa hefur verið gerð um framlengingu nauðungarvistunar eða að maður sem vistaður er nauðugur í sjúkrahúsi verði sviptur sjálfræði, skal dómari án tafar og tryggilega senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún barst dóminum.

- d. Í stað „9.–14.“ í 5. mgr. kemur: 8., 10.–14.

15. gr.

Á eftir orðinu „Ráðgjafi“ í 3. málsl. 3. mgr. 30. gr. laganna kemur: skv. 27. gr.

16. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómari skal svo fljótt sem við verður komið senda sýslumanni og yfirlækni viðkomandi deildar á sjúkrahúsi staðfest endurrit úrskurðar vegna mála skv. 2. og 3. mgr. 19. gr. og 29. gr.

a. Hafi úrskurður verið kærður til Landsréttar skal rétturinn senda héraðsdómara málsins staðfest endurrit af dómi, ásamt þeim aðilum sem tilgreindir eru í 1. málsl.

17. gr.

Við 5. mgr. 39. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í skipunarbréfi skal einnig tilgreina hvaða dag ársins ráðsmaður skal gefa yfirlögráðanda skýrslu skv. 1. mgr. 45. gr. og skal við það miðað að það verði fyrst gert u.þ.b. ári eftir að skipunarbréfið er gefið út.

18. gr.

Á eftir 1. mgr. 43. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Um eftirlit yfirlögráðanda með ráðsmanni gilda eftir því sem við á ákvæði 81. gr. a.

19. gr.

Orðin „fyrir 1. mars“ í 1. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Í stað orðanna „í Reykjavík“ í 3. másl. 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: á höfuðborgar-svæðinu.

21. gr.

Í stað tilvísunarinnar „XXII. kafla almennra hegningarlaga“ í 2. másl. 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: „almennra hegningarlaga nema yfirlögráðandi meti það svo að brot hans hafi ekki áhrif á hæfi hans til að gegna starfinu.

22. gr.

3. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Maka eða sambúðarmaka hins lögræðissvipta og sóknaraðila lögræðissviptingarmáls skal veitt færi á að tjá sig um val á lögráðamanni.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

- a. 1. másl. c-liðar 1. mgr. orðast svo: Hvar og hvenær viðkomandi var sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og hvenær sviptingin fellur úr gildi.
- b. 2. másl. c-liðar 1. mgr. fellur brott.
- c. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í skipunarbréfi skal einnig tilgreina hvaða dag ársins lögráðamaður skal gefa yfirlögráðanda skýrslu skv. 3. mgr. 63. gr. og skal við það miðað að það verði fyrst gert u.þ.b. ári eftir að skipunarbréf er gefið út.
- d. 3. mgr. orðast svo:

Lögráðamenn skulu skipaðir til loka þess tíma sem lögræðissvipting hefur verið ákveðin en þó ekki lengur en til fimm ára í senn.

24. gr.

1. – 3. másl. 2. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hins svipta eða annarra sé hættu búin samkvæmt læknisvottorði. Jafnframt teljist nauðsynlegt að hinn sjálfræðissvipti fái viðeigandi meðferð eða þjónustu á stofnun sem er rekin samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, enda komi vægari úrræði í formi aðstoðar ekki að gagni. Lögráðamaður og læknir skulu tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðunina án tafar og skal læknisvottorðið vera meðfylgjandi.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „1. mars“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 1. apríl.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000.000“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 1.500.000.
- c. Í stað „2016“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 2024.

~~202322. ágúst 2023~~

- d. Orðin „fyrir 1. apríl“ í 3. mgr. falla brott.
- e. Í stað orðanna „Nú áskotnast ófjárráða manni verðmæti í gjöf, vinning í happdrætti eða á annan hátt, sem nemur 1.000.000“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Nú tekur lögráðamaður við greiðslu fyrir hönd ófjárráða manns eða ófjárráða maður fær greiðslu í hendur með öðrum hætti eða áskotnast verðmæti í gjöf, vinning eða á annan hátt, sem nemur 1.500.000.

26. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nýr lögráðamaður skal skipaður eins fljótt og unnt er en fram að því gegnir yfirlögráðandi starfi hans.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „500.000“ í 2. mgr. kemur: 1.500.000.
- b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjárhæðin miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2024 og breytist árlega í samræmi við breytingar á henni.
- c. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
- Leitast skal við að gefa ófjárráða manni færi á að tjá sig áður en teknar eru ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 73. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „500.000“ kemur: 1.500.000.
- b. Nýr málslíður bætist við, svohljóðandi: Fjárhæðin miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2024 og breytist árlega í samræmi við breytingar á henni.

29. gr.

Ný málsgrein bætist við 80. gr. laganna, sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verkefni, sem falin eru yfirlögráðanda hverjum í sínu umdæmi samkvæmt lögum þessu, verði á hendi eins eða fleiri sýslumanna.

30. gr.

3. mgr. 81. gr. laganna fellur brott.

31. gr.

Á eftir 81. gr. laganna kemur ný grein, 81. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Eftirlit yfirlögráðanda með lögráðamanni.

Yfirlögráðandi skal fara yfir skýrslur, tilkynningar og þær skýringar sem honum berast samkvæmt ákvæðum 63. gr. og meta, á grundvelli þeirra gagna, hvort lögráðamaður sinnir starfi sínu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 60. gr. og VI. kafla.

Berist yfirlögráðanda kvörtun yfir störfum lögráðamanns frá hinum lögræðissvipta eða öðrum skv. 2. mgr. 7. gr., ber honum að rannsaka efni kvörtunarinnar eftir því sem hann telur tilefni til og leggja mat á hvort lögráðamaður sinnir starfi sínu samkvæmt ákvæðum laga þessara. Yfirlögráðandi skal tilkynna lögráðamanni, hinum svipta og þeim sem leggur fram kvörtun um niðurstöðuna.

Berist yfirlögráðanda ábending um störf lögráðamanns frá öðrum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal hann meta hvort hann taki ábendinguna til frekari athugunar út frá skyldum lögráðamanns samkvæmt lögum þessum.

Yfirlögráðandi hefur heimild til að afla allra upplýsinga og gagna varðandi fjármál ófjárráða einstaklings, hvort sem er frá lögráðamanni, opinberum stofnunum eða frá öðrum aðilum sem hafa haft viðskipti við ófjárráða einstakling eða komið að fjármálum hans með einhverri umsýslu. Þá er yfirlögráðanda jafnframt heimilt að kalla eftir gögnum frá lögráðamanni og lækni vegna ákvörðunar á grundvelli 2. mgr. 58. gr. ef sérstakt tilefni er til vegna hagsmuna hins svipta. Skylt er að veita yfirlögráðanda umbeðnar upplýsingar og gögn samkvæmt ákvæði þessu án endurgjalds.

Yfirlögráðandi skal án tafar tilkynna lögreglu ef grunur er um refsiverða háttsemi lögráðamanns eða annarra einstaklinga í garð hins svipta.

Ákvæði 1.–5. mgr. eiga einnig við um eftirlit yfirlögráðanda með ráðsmönnum, eftir því sem við á.

84. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

33. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (III.)

Þrátt fyrir 3. mgr. 56. gr. skulu ákvarðanir yfirlögráðanda um skipunartíma lögráðamanns til lengri tíma en fimm ára, sem teknar voru fyrir 1. september 2024, halda gildi sínu.

b. (IV.)

Lögráðamenn sem skipaðir voru fyrir 1. september 2024, skulu gefa yfirlögráðanda skýrslu skv. 3. mgr. 63. gr. fyrir 1. apríl ár hvert. Sama gildir um skýrslu ráðsmanna skv. 1. mgr. 45. gr.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2024.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í dómsmálaráðuneytinu og felur í sér breytingar á lögræðis-lögum.

Með lögum nr. 84/2015 voru samþykktar nokkrar breytingar á lögræðis-lögum, sem voru m.a. liður í fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Breytingarnar fólu einnig í sér viðbrögð við tilmælum alþjóðlegra eftirlitsaðila með mannréttindaskuldbindingum Íslands. Samhliða var brugðist við ábendingum frjálsra félagasamtaka, fagaðila o.fl. um ágalla á lögum. Innanríkisráðuneytið, sem þá var og fór með málefni lögræðis-laga, setti m.a. á fót óformlegan samráðshóp sem samanstóð af hagsmunasamtökum, fagfólki, aðilum sem höfðu verið nauðungarvastaðir og aðstandendum þeirra. Við vinnslu frumvarpsins var haft ítarlegt samráð við þennan hóp og fleiri aðila um hvernig mögulegt væri að ná markmiðum frumvarpsins. Með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 84/2015 fylgdu ítarlegar

athugasemdir til nánari skýringar á tilefni og nauðsyn lagabreytinganna. Sömu sjónarmiðin eiga að miklu leyti við um frumvarp þetta og því vísast nánar til þess er þar kemur fram (pskj. 1161, 687. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015).

Eftir gildistöku laga nr. 84/2015 hefur komið fram nokkur gagnrýni á gildandi lögræðislög þar sem því er m.a. haldið fram að umræddar breytingar hafi ekki gengið nægilega langt og að lögín séu enn ekki í fullu samræmi við þær kröfur sem leiða má af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá hafa komið fram ábendingar um frekari úrbætur í lagaumgjörð frá nefndum Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyndingum (CPT og CAT-nefndir). Þá hefur umboðsmaður Alþingis jafnframt á grundvelli OPCAT-efirlits bent á að taka þurfi m.a. til endurskoðunar efnisleg skilyrði lögræðislaga fyrir nauðungarvistun. OPCAT vísar til valfrjálstrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Markmiðið með bókuninni er að koma á reglubundnum heimsóknnum óháðra, alþjóðlegra og innlendra aðila á staði þar sem einstaklingar eru eða kunna að vera sviptir frelsi sínu, með það fyrir augum að koma í veg fyrir pyndingar og aðra illa meðferð þeirra. Umboðsmaður Alþingis gegnir hlutverki hins innlenda forvarnaaðila. Meginþáttur í þessu verkefni eru heimsóknir á fyrrnefnda staði í þeim tilgangi að kanna hvort og hvernig réttindi þeirra sem þar dvelja eru virt og draga úr líkum á brotum gegn þeim með forvarnarstarfi. Með frumvarpi þessu er brugðist við ábendingum framangreindra aðila og stefnt að því að tryggja að lagaumhverfi og verklag á grundvelli lögræðislaga sé í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar ásamt því að bregðast við gagnrýni sem gildandi löggjöf hefur sætt.

Hinn 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktun um endurskoðun lögræðislaga (pskj. 1925, 53. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019). Með henni ályktaði Alþingi um að heildarendurskoðun lögræðislaga skyldi fara fram með það að markmiði að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum sem og öðrum lögum, þar á meðal lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Samþykkti Alþingi að kjósa til þess sérnefnd þingmanna úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi, sem skyldi eiga víðtækt samráð við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila auk samráðs við þau ráðuneytið sem að málaflokknum koma. Nefndinni var ætlað að leggja fram frumvarp á grundvelli endurskoðunarinnar ásamt kostnaðargreiningu eigi síðar en við lok árs 2020. Frá samþykkt þingsályktunarinnar hefur þingmannanefndin og dómismálaráðuneytið haft samráð vegna mögulegrar skörunar á frumvörpum, enda sé tilefni lagabreytinga í grunninn það sama. Þar sem um er að ræða þarfar og tímabærar lagabreytingar og þingmannanefndin hefur ekki lokið sinni vinnu við að semja frumvarp, þótti rétt að dómismálaráðuneytið héldi áfram með eigin vinnu við endurskoðun lögræðislaga.

Frumvarpið hefur m.a. tengingu við frumvarp sem heilbrigðisráðuneytið áformar að leggja fram á Alþingi um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Drög að því frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 19. apríl 2023 (mál nr. S-83/2023) en með því eru m.a. lagðar til nokkrar breytingar á lögræðislögum er varða þvingaða lyfjagjöf. Er lagt til að ákvæði lögræðislaga um þvingaða lyfjagjöf verði felld brott en í staðinn verði sett ákvæði um hana í lög um réttindi sjúklinga. Þessar breytingartillögur heilbrigðisráðuneytisins voru unnar í samráði við dómismálaráðuneytið.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tílefni lagasetningarinnar er að bregðast við gagnrýni sem gildandi löggjöf hefur sætt frá gildistöku laga nr. 84/2015, um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997, og koma til móts við ábendingar um atriði sem talin eru að betur megi fara í lögunum. Breytingarnar sem lagðar eru til á lögunum miða að því að tryggja betur réttarstöðu þess viðkvæma hóps sem lögin taka til. Til þess að svo megi verða er lagt til að sníða ákvæði laganna um sviptingu lögræðis og nauðungarvistanir betur að skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og skerpa á ýmsum reglum laganna um sviptingu lögræðis, hlutverk lögráðamanna og reglum um eftirlit og heimildir yfirlögráðenda. Með breytingunum er leitast við að koma til móts við þær ábendingar sem borist hafa ráðuneytinu og tryggja betur vernd og öryggi þeirra einstaklinga sem málið varðar. Við vinnslu frumvarpsins var tekið mið af tilmælum og athugasemdum sem umboðsmaður Alþingis gerði á grundvelli OPCAT-efirlits síns í kjölfar eftirlitsheimsóknar hans á bráddageðdeild 32C á Landspítala, sem kom út 30. mars 2022 og er aðgengilegt á vef umboðsmanns Alþingis. Þá er með frumvarpinu jafnframt brugðist við athugasemdum frá nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndarinnar) vegna heimsóknar hennar til Íslands árið 2019 og lokaniðurstöðum nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT-nefndarinnar) vegna fjórðu skýrslu Íslands.

Auk framangreindra aðila hefur ráðuneytið tekið tillit til ábendinga sem því hafa borist undanfarin ár m.a. frá sýslumannsembættunum, réttindagæslumönnum fatlaðs fólks, Öryrkjabandalagi Íslands, Geðhjálp, Reykjavíkurborg ásamt fagaðilum og almenningi.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með lögum nr. 84/2015 voru samþykktar ýmsar breytingar á gildandi lögræðislögum, nr. 71/1997, sem tóku gildi 1. janúar 2016. Tílefni breytinganna var eins og fyrr greinir undirbúningur fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, viðbrögð við tilmælum alþjóðlegra eftirlitsaðila með mannréttindaskuldbindingum Íslands, ábendingar frjálsra félagasamtaka, fagaðila o.fl. um ágalla í lögunum og framkvæmd á grundvelli þeirra (þskj. 1161, 687. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015). Frá því að framangreindar breytingar tóku gildi hafa ráðuneytinu borist ýmsar ábendingar um atriði sem betur mættu fara í lögunum og eru þær að hluta sambærilegar þeim ábendingum sem lágu til grundvallar við gerð laga nr. 84/2015. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem lúta að því að koma til móts við ábendingar um tryggara lagaumhverfi, m.a. um sviptingu lögræðis, málsmeðferð fyrir dómi, nauðungarvistanir, yfirlögráðendur og eftirlit þeirra með lögráðamönnum og ráðsmönnum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Heimild til lögræðissviptingar geti byggst á geðröskun en ekki á geðsjúkdómi eða fötlun sem slíkri.
2. Ríkari rannsóknarskylda lögð á dómara í máli um sviptingu lögræðis, þ. á m. skylda til að afla vottorðs frá lækni sem er óháður öðrum lækni sem þegar hefur gefið út vottorð, með það að markmiði að staðreyna að vægari úrræði í formi aðstoðar séu fullreynd.
3. Skilyrði nauðungarvistunar geti byggst á geðröskun í stað geðsjúkdóms og að heimild til vistunar geti auk þess byggst á því að öryggi annarra en hans sjálfs sé stefnt í hættu.
4. Með beiðni um nauðungarvistun sem beint er til sýslumanns þurfi að fylgja tvö læknisvottorð í stað eins vottorðs.
5. Breyttar viðmiðunarfjárhæðir vegna tilkynninga til yfirlögráðanda um fjármál ófjárráða einstaklings og vegna samráðs við yfirlögráðanda til samræmis við aðrar viðmiðunarfjárhæðir laganna.

6. Auknar kröfur um eftirlit yfirlögráðenda með lögráðamönnum og ráðsmönnum.

Við vinnslu frumvarps til laga nr. 84/2015 var litið til reynslu norskra stjórnvalda sem höfðu árin áður ráðist í endurbætur á lagaumhverfi og framkvæmd norskra lögræðis laga vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á þeim tíma þóttu norsku lögin vera í andstöðu við ákvæði 12. gr. samningsins og því var farið í heildarendurskoðun laganna og tóku ný lög gildi 1. júlí 2013 (vergemálsloven, 26. mars 2010 nr. 9). Við núverandi endurskoðun var byggt að hluta á fyrri greiningu norskra stjórnvalda og norsku lögin, *vergemálsloven* 26. mars 2010 nr. 9, skoðuð nánar með hliðsjón af tilefni núverandi lagabreytinga. Þar sem norsku lögin eru að hluta frábrugðin þeim íslensku og þjóða sem dæmi upp á ótímabundnar sviptingar, aukna aðkomu barna og maka að ákvörðun um skipun lögráðamanns og takmarkaðra eftirlit yfirlögráðanda með maka eða sambúðarmaka sem er skipaður lögráðamaður, þykir ekki rétt að svo stöddu að gera slíkar umfangsmiklar breytingar á núgildandi lögræðis lögum. Slíkar breytingar kalla á heildarendurskoðun lögræðis laga. Með frumvarpi þessu er hins vegar verið að tryggja sóknaraðilum lögræðissviptingarmáls til viðbótar við maka og sambúðarmaka rétt til að tjá sig um val á lögráðamanni ásamt því að skerpa á eftirlitshlutverki yfirlögráðanda og skyldu hans til að taka til skoðunar ábendingar þeirra um aðfinnslur við störf lögráðamanns. Þykja þær breytingar tryggja betur að yfirlögráðandi geti brugðist við ef lögráðamaður sinnir ekki sínum starfsskyldum og þannig tryggt hagsmuni hins svipta á skilvirkari hátt.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið snertir m.a. málefni sem varin eru af 67. og 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 5. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, auk samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, undirritaður af Íslandi 30. mars 2007 og fullgiltur 23. september 2016.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar má engan svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Skv. 4. mgr. sömu greinar á hver sá sem sviptur er frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Skv. 3. mgr. sömu greinar þarf sérstaka lagaheimild til að takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu vegna brýnnar nauðsynjar til verndar réttindum annarra. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem kveðið er á um rétt manna til frelsis og mannhelgi. Þá er í 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallað um skyldu aðildarríkja til að tryggja að fatlað fólk njóti löghæfis til jafns við aðra og í 14. gr. samningsins er fjallað um skyldu aðildarríkja til að tryggja frelsi og öryggi einstaklinga. Verði frumvarpið að lögum er stefnt að því að tryggja þann rétt einstaklinga sem varinn er í stjórnarskránni enn betur en kveðið er á um í gildandi löggjöf, m.a. með endurskoðun ákvæða lögræðis laga um nauðungarvistun, lögræðissviptingu og eftirlit yfirlögráðanda.

5. Samráð.

Efni frumvarpsins varðar fyrst og fremst einstaklinga sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, ýmist tímabundið eða varanlega, þar sem frumvarpið kemur inn á inngrip í mikilvæg

persónuleg réttindi fólks. Einnig tengist frumvarpið störfum yfirlögráðenda, dómstóla, sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsfólks, sem og annars starfsfólks sem starfar á sjúkrahúsum.

Áform um breytingu á lögræðislögum voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 2. nóvember 2022 (mál nr. S-209/2022) og bárust um þau þrjár umsagnir, frá Landssamtökunum Proskahjálpi, Reykjavíkurborg og Öryrkjabandalagi Íslands. Tekið var tillit til þeirra umsagna við gerð frumvarpsins.

Undirbúningur frumvarpsins hefur mestmegnis verið á hendi dómsmálaráðuneytisins en samráð hefur verið haft við yfirlögráðendur, Reykjavíkurborg, heilbrigðisráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, ásamt því að samráð hefur verið haft við þingmannanefnd sem hefur það verkefni samkvæmt þingsályktunartillögu um endurskoðun lögræðislaga, að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögnum sem og öðrum lögum sem hafa snertingar við málefnið (þskj. 1925, 53. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019).

6. Mat á áhrifum.

Efni frumvarpsins miðar að því að gera ákvæði lögræðislaga um nauðungarvistanir skýrari og skerpa á ýmsum reglum um sviptingu lögræðis og um eftirlit og heimildir yfirlögráðenda. Breytingar þær sem frumvarpið mælir fyrir um þjóna þannig fyrst og fremst þeim tilgangi að bæta meðferð mála er snúa að nauðungarvistunum og lögræðissviptingum, með það að markmiði að tryggja betur réttarstöðu þeirra einstaklinga er löggin varða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hvorki gert ráð fyrir að þau hafi í för með sér umtalsverð útgjaldaáhrif á ríkissjóð né sveitarfélög. Þótt gert sé ráð fyrir auknu eftirliti af hálfu yfirlögráðenda með lögráðamönnum og ráðsmönnum, er talið að útgjaldaáhrifin verði takmörkuð fyrir sýslumenn ef ráðherra nýtir heimild 29. gr. frumvarpsins og felur einstaka sýslumönnum ábyrgð á hluta verkefna sem allir yfirlögráðendur annast í dag. Væntingar eru um að sú breyting leiði ekki eingöngu til skilvirkari og vandaðri málsmeðferðar, heldur jafnframt til aukinnar sérhæfingar og þar með hagræðingar í rekstri sýslumannsembættanna sem unnt verður að nýta í þágu annarra verkefna yfirlögráðenda. Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum og varða hlutverk sveitarfélaga, fela ekki í sér breytingar á núverandi framkvæmd og því er ekki talið að frumvarpið hafi útgjaldaáhrif á sveitarfélög. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi mismunandi áhrif á einstaklinga eftir kyni, enda sé ekki um að ræða grundvallarbreytingar á framkvæmd nauðungarvistunar og lögræðissviptingar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæði í a-lið 4. gr. lögræðislaga. Í gildandi lögum er fjallað um í a–e-lið þær aðstæður sem heimila dómara að svipta einstakling tímabundið lögræði, þ.e. sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja, að tilteknum skilyrðum uppfylltum sem fram koma í 1. og 2. másl. 4. gr. Í stað þess að heimild til lögræðissviptingar geti byggst á því að einstaklingur sé haldinn geðsjúkdómi er hér lagt til að vísað verði til þess að einstaklingur sé haldinn geðröskun. Tilfni þessarar breytinga er m.a. gagnrýni sem komið hefur fram á gildandi lögræðislög þess efnis að löggin séu ekki í fullu samræmi við þær kröfur sem leiða má af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hefur m.a. verið bent á að skilyrði nauðungarvistunar og lögræðissviptingar ættu ekki að vera byggð eingöngu á geðsjúkdómi eða fötlun sem slíkri heldur verði að leggja áherslu á þá hagsmuni sem úrræðunum er ætlað að vernda. Er því talið að það samræmist betur samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að skýrt sé að fötlun eða geðsjúkdómur sem slíkur geti ekki réttlætt sviptingu

lögræðis heldur að matið byggist á ástandi einstaklingsins og hættunni sem ástandið getur valdið velferð hans og annarra.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 84/2015 um breytingu á lögræðislögum var samþykkt það nýmæli að ótímabundnar sviptingar væru óheimilar og því hefur frá gildistöku laganna 1. janúar 2016 einungis verið heimilt að svipta einstakling lögræði tímabundið. Breytingar þær sem hér eru lagðar til á 5. gr. laganna eru í samræmi við þessar fyrri breytingar á lögnum og þjóna eingöngu þeim tilgangi að eyða öllum vafa um að allar sviptingar séu tímabundnar með því að fella út óþarfa tilvísanir til þeirra í lögnum. Ljóst þykir skv. 4. gr. laganna að allar sviptingar, hvort sem þær taka einungis til sjálfræðis eða fjárræðis eða hvoru tveggja, séu tímabundnar og því sé með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 5. gr. laganna eingöngu verið að uppfæra löginn í takt við gildandi framkvæmd.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting á d-lið 2. mgr. 7. gr. laganna, sem fjallar um aðila lögræðissviptingarmáls, að í stað þess að vísa til þess að félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar geti verið aðilar lögræðissviptingarmáls verði notað orðið *sveitarfélag*. Með breytingunni er komið til móts við athugasemdir sem borist hafa frá Reykjavíkurborg, sem hefur bent á að svið eða deildir innan sveitarfélaga eigi ekki aðild að dómsmálum heldur sé sveitarfélagið eitt og sér bært til að eiga aðild. Sveitarfélög eru lögaðilar skv. 4. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og fara sveitarstjórnir m.a. með framkvæmd verkefna sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. 8. gr. sömu laga. Í ljósi þess þykir rétt að breyta ákvæði d-liðar 2. mgr. 7. gr. lögræðislaga og færa sveitarfélag inn sem mögulegan aðila lögræðissviptingarmáls.

Um 4. gr.

Lögð er til sambærileg breyting á d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins sem snýr að uppfærslu á lögnum með hliðsjón af því að sviptingar lögræðis geta einungis verið tímabundnar eftir breytingu sem gerð var á lögnum með lögum nr. 84/2015. Vísast að öðru leyti til þess er fram kemur í skýringu við 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 11. gr. laganna, sem mæla fyrir um aukna rannsóknarskyldu dómara áður en kveðinn er upp úrskurður um sviptingu lögræðis. Miða breytingarnar að því að tryggja enn betur að dómari komist að sjálfstæðri niðurstöðu um nauðsyn sviptingar lögræðis og að niðurstaða byggist á traustum og faglegum grunni. Er því lögð til sú breyting á 1. másl. 2. mgr. að tvö læknisvottorð þurfi að liggja fyrir áður en úrskurður um lögræðissviptingu er kveðinn upp í stað eins læknisvottorðs eins og nú er áskilið. Skal annað vottorðið vera frá lækni sem er tilgreindur í kröfunni um lögræðissviptingu skv. g-lið 1. mgr. 8. gr. laganna, en jafnframt ber dómara að afla vottorðs frá öðrum lækni, sem er óháður þeim fyrri í starfi, þannig að líklegra verði að niðurstaða dómara byggji á faglegum og læknisfræðilegum forsendum. Hafi ekki verið unnt að afla vottorðs lækni til stuðnings kröfu um lögræðissviptingu, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna, fellur það í hlut dómara að afla þess til viðbótar við seinna vottorðið frá öðrum lækni sem er óháður þeim fyrri í starfi og eftir atvikum

annarra gagna áður en kveðinn er upp úrskurður í máli um lögræðissviptingu. Mikilvægt þykir að læknamir séu óháðir í störfum svo tryggt sé að fyrir liggja tvö sjálfstæð og samhljóða mót fagaðila um að önnur vægari úrræði í formi aðstoðar en lögræðissvipting sé ekki talin koma að gagni og að svipting sé því nauðsynleg með hagsmuni einstaklingsins að leiðarljósi. Með þessu móti má ætla að betur verði unnt að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en kveðinn er upp úrskurður um sviptingu. Um mikilvægi læknisvottorða sem sönnunargagns í málum um lögræðissviptingu vísast að öðru leyti til skýringa við 11. gr. frumvarps til lögræðislaga, nr. 71/1997, og skýringa við 4. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 84/2015, um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sviptingu lögræðis, lögráðamenn, nauðungarvistanir o.fl.).

Í b-lið er lagt til að 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. laganna, þar sem fjallað er um undanþágu frá skyldu dómara til að kynna sér ástand varnaraðila af eigin raun, verði felldur brott. Með lögum nr. 84/2015 var brugðist við ábendingum um mikilvægi þess að dómari komist að sjálfstæðri niðurstöðu um sviptingu lögræðis. Var þá gerð sú breyting á 11. gr. laganna að dómara var gert skylt að afla sönnunargagna í máli sem til meðferðar er, í stað þess að vera það heimilt eins og áður kom fram í lögnum. Jafnframt var áréttuð skylda dómara að kalla þann sem sætt gæti lögræðissviptingu í málinu, þ.e. varnaraðila, fyrir dóm í því skyni að leggja sjálfstætt mat á hæfi hans. Kveðið var á um að víkja mætti frá þeirri reglu ef fyrir lægi vottorð læknis um að ástandi varnaraðila væri svo hátt að ekki væri mögulegt að kveða hann fyrir dóminn. Samkvæmt eldra lagaákvæði var það heimilt ef það var talið tilgangslaust samkvæmt vottorði læknis. Í því skyni að tryggja enn frekar réttarstöðu varnaraðila í lögræðissviptingarmáli er nú lögð til sú breyting að dómari geti ekki vikið sér undan því að hitta varnaraðila. Verði ekki unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm, leiðir breytingin til þess að dómari verði að leita annara leiða til að kynna sér ástand varnaraðila af eigin raun, svo sem með því að mæta á dvalarstað hans eða með viðtali. Þannig hafi dómari betri möguleika á að leggja sjálfstætt mat á stöðu varnaraðila og ganga úr skugga um að fyrirbyggjandi læknisvottorð og eftir atvikum önnur gögn séu rétt um hagi varnaraðila. Er því lagt til að 2. málsl. 4. mgr. falli brott.

Nánari athugasemdir um 11. gr. lögræðislaga er að finna í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 71/1997 og frumvarpi sem varð að lögum nr. 84/2015, um breytingu á þeim lögum, sbr. 4. gr. þeirra laga, og vísast nánar til þess er þar kemur fram um rannsóknarskyldu dómara.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í a- og b-lið 5. gr. frumvarpsins er brugðist við ábendingum ýmissa alþjóðlegra eftirlitsaðila um bættu réttarstöðu varnaraðila, að teknu tilliti til alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga um sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga o.fl. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í kafla 2.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að tveir nýir málsliðir bætist við 2. mgr. 12. gr. laganna sem tengist ákvæði 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 84/2015, um að ekki skuli svipta einstakling lögræði nema þegar brýn nauðsyn stendur til og að önnur og vægari úrræði í formi aðstoðar hafi verið fullreynd. Er með nýjum málsliðum gerð sú viðbótarkrafa að dómari tilgreini í úrskurði um lögræðissviptingu hvaða önnur og vægari úrræði í formi aðstoðar hafi verið reynd og hvers vegna þau hafi ekki nýst í tilfelli varnaraðila. Með þessu er lögð áhersla á það sjónarmið að svipting lögræðis sé algjört neyðarúrræði og að ekki skuli beita því nema önnur lögbundin samfélagsleg úrræði hafi áður verið útilokuð. Koma þar m.a. til skoðunar úrræði lögræðislaga um ráðsmenn og ákvæði laga um réttindagæslu fyrir fatlað

fólk um persónulega talsmenn. Til að tryggja betur að efnislegt mat dómara leiði til rökstuddrar niðurstöðu í úrskurði, þykir rétt að mæla fyrir um að dómari fjalli í úrskurðinum annars vegar um þau vægari úrræði sem hafa verið reynd í tilfelli einstaklingsins og hins vegar af hverju þau eru ekki talin þjóna hagsmunum viðkomandi. Um þetta er fjallað nánar í athugasemdum um 1. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 84/2015 og vísast til þeirra.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til þrjár orðalagsbreytingar á 14. gr. laganna.

Í a- og c-lið eru lagðar til breytingar sem tengjast annars vegar breyttu heiti sýslumannsembætta vegna sameiningar þeirra 1. janúar 2015, sbr. 1. mgr. 2. laga um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014, og hins vegar því að firmaskrá hefur verið færð undir fyrirtækjaskrá. Þarfnast þær breytingar ekki frekari skýringa.

Í b-lið er lögð til breyting á a-lið 4. mgr. 14. gr. laganna sem mælir fyrir um þinglýsingu úrskurðar. Í stað þess að kveða á um að þinglýsa skuli úrskurði dómara um fjárræðissviptingu á eign sem fjárræðissviptur einstaklingur er þinglýstur eigandi að, verði í staðinn gerð krafa um að einungis sé þinglýst úrskurðarorði. Með þessari breytingu er brugðist við ábendingu sem barst m.a. frá sýslumannsembættinu á höfuðborgarsvæðinu. Bent var á að í úrskurði um fjárræðissviptingu komi fram viðkvæmar persónuupplýsingar sem ekki er talið rétt að standi í skjali sem er þinglýst á eign fjárræðissvipts einstaklings, enda sé þinglýsing opinber réttindaskráning og almenningi tryggður aðgangur að afriti þinglýstra skjala skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 405/2008 um þinglýsingar. Tilgangi ákvæðisins sé náð með því að þinglýsa úrskurðarorði einu og sér eða með þinglýsingu sérstakrar yfirlýsingar yfirlögráðanda, þar sem vísað yrði í niðurstöðu úrskurðar.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar sem leiða af þeirri breytingu sem gerð var með lögum nr. 84/2015, þegar ótímabundnar lögræðissviptingar voru aflagðar. Er því lagt til að orðalag sem fram kemur í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. gildandi laga, þar sem vísað er til tímabundinnar sviptingar, verði sameinað 1. málsl. ákvæðisins. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Um 9. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 1. og 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna sem fjalla um skilyrði þess að vista megi sjálfráða einstakling nauðugan í sjúkrahúsi. Er lagt til að læknir geti heimilað að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann þjáist af geðröskun eða fíknisjúkdómi sem er á þeim tíma þess eðlis eða svo alvarleg að nauðsynlegt telst, vegna heilsu og öryggis hans sjálfs eða annarra, að hann fái viðeigandi lækni meðferð á viðkomandi sjúkrahúsi og sýnt þykir að meðferðin geti ekki verið veitt nema með nauðungarvistun. Horfið er frá því að binda heimildina við að einstaklingur sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur séu taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms og að sama gildi ef einstaklingur á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Er breytingunni jafnframt ætlað að tryggja að fötlun ein og sér geti ekki réttlætt frelsissviptingu eða nauðungarvistun, heldur vísi ákvörðun um nauðungarvistun til mats á ástandi einstaklings, velferðar hans og öryggis eða eftir atvikum til öryggis annarra.

Heimildin er fyrst og fremst í þágu einstaklings sem er metinn í bráðri hættu og er ætlað að tryggja honum nauðsynlega meðferð við öruggar aðstæður ef önnur vægari úrræði í formi

aðstoðar þykja fullreynd eða ekki koma til greina. Ákvæðinu er jafnframt ætlað að taka til einstaklings sem er ekki aðeins talinn vera hættulegir sjálfum sér heldur einnig öðrum. Heimildin getur þannig átt við um einstakling sem haldinn er djúpri geðlægd eða glímur við alvarlegt þunglyndi og er jafnvel metinn í alvarlegri sjálfsvígshættu vegna áleitinna sjálfsvígshugmynda og áforma í þeim efnum, þó ekki sé unnt að fullyrða að um geðrof sé að ræða. Slíkar geðlægdir eru almennt annaðhvort hluti af þunglyndi, sem oft er endurtekið og alvarlegt, eða hluti af geðhvörfum. Auk framangreindra sjónarmiða koma til skoðunar athugasemdir um 2. mgr. 19. gr. laga nr. 71/1997 á því hvenær aðstæður réttlæta nauðungarvistun. Með breytingunum er verið að bregðast við ábendingum fagaðila og úrskurði Landsréttar frá 25. nóvember 2021 í máli nr. 692/2021, sem virðist þrengja skilyrði nauðungarvistunar umfram það sem telst eðlilegt með hliðsjón af tilgangi ákvæðisins.

Um 10. gr.

Lögð er til sambærileg breyting á 20. gr. laganna og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins um breytingu á 2. mgr. 7. gr. laganna, vegna aðildar að lögræðissviptingarmáli. Í stað þess að vísa til þess að félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila geti lagt fram beiðni um nauðungarvistun, er lagt til að notað verði orðið *sveitarfélag þar sem varnaraðili dvelst*. Með breytingunni er komið til móts við ábendingu sem borist hefur frá Reykjavíkurborg um að réttara sé að vísa til þess sveitarfélags sem stendur að beiðni um nauðungarvistun fremur en að tilnefna sérstakt svið eða deild innan sveitarfélagsins. Ef kemur að því að ákvörðun um nauðungarvistun verði kærð til dómstóla sé sveitarfélagið eitt bært til að eiga aðild að dómsmálum en ekki svið eða deildir innan sveitarfélaga.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á 3. mgr. 21. gr. laganna sem fjallar um fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun.

Í a-lið er lagt til að með beiðni um nauðungarvistun skuli fylgja tvö læknisvottorð í stað eins svo sem verið hefur. Lagt er til að læknisvottorðin megi almennt ekki vera eldri en þriggja daga þegar þau berast sýslumanni, enda sé mikilvægt fyrir sýslumann að byggja ákvörðunina á nýjum upplýsingum sem endurspeglar sem best raunverulega stöðu einstaklingsins og mikilvægi nauðungarvistunar á þeim tíma þegar beiðnin er lögð fram. Dvelji einstaklingur sem beiðni um nauðungarvistun lýtur að á sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun læknis, sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna, er lagt til að gerðar séu strangari kröfur til uppruna læknisvottorðanna með því að mæla fyrir um að annar þeirra lækna sem gefur út vottorð þurfi að vera óháður sjúkrahúsinu sem viðkomandi dvelur á. Er breytingunni ætlað að tryggja betur réttaröryggi einstaklinga sem eru nauðungarvistaðir, enda á nauðungarvistun að vera algjört neyðarúrræði ef önnur og vægari meðferð er ekki talin ná tilætluðum árangri. Mikilvægt sé því að tryggja að lækarnir tveir séu ekki tengdir hvor öðrum og að það sé gert með því að áskilja að annar þeirra a.m.k. starfi utan sjúkrahússins þar sem einstaklingurinn er vistaður.

Með skilyrði um að fyrir liggja tvö læknisvottorð er komið til móts við ábendingar frá CPT-nefndinni um mikilvægi þess að sjálfstæði og hlutleysi þeirra sem að málinu koma sé tryggt, auk óháðrar læknisfræðilegrar sérþekkingar. Nefndin hefur beint þeim tilmælum til íslenskra yfirvalda að tryggja að ávallt sé leitað álits geðlæknis sem sé óháður sjúkrahúsinu þar sem hinn nauðungarvistaði dvelur þegar nauðungarvistun er framlengd. Í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar hans á bráðageðdeild 32C á Landspítala vegna OPCAT-eftirlits

hans, er einnig vikið að mikilvægi þess að sýslumaður leggi sjálfstætt mat á þær upplýsingar sem koma skulu fram í beiðni um nauðungarvistun og þeim gögnum sem henni eigi að fylgja. Þannig sé miðað við að sýslumaður leggi sjálfstætt mat á upplýsingar sem fram koma í beiðni um nauðungarvistun, svo sem um ástæður vistunar, en að auki upplýsingar í læknisvottorð um andlegt og líkamlegt ástand hlutaðeigandi og sjúkdómsgreiningu læknis, ef unnt er. Telur umboðsmaður að vandséð sé hvernig endurskoðun á slíkum upplýsingum og gögnum eigi að geta farið fram án aðkomu óháðara sérfræðinga með tilskilda þekkingu á sviði geðlækninga.

Breytingar sem lagðar eru til í b- og d-lið tengjast tillögu sem fram kemur í a- lið um fjölgun læknisvottorða og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í c- lið er lögð til breyting á f-lið 3. mgr. um aukinn rökstuðning læknis fyrir því að nauðungarvistun teljist óhjákvæmileg. Lagt er til að yfirlýsingin fjalli um ástæður nauðungarvistunar, þ. á m. mat læknis á nauðsyn vistunar með hliðsjón af heilsu og öryggi einstaklings eða annarra af því að hann fái ekki viðeigandi læknis meðferð á sjúkrahúsi. Að auki skuli yfirlýsingin hafa að geyma upplýsingar um þá meðferð sem til stendur að veita einstaklingnum verði beiðni um nauðungarvistun samþykkt og umfjöllun um önnur vægari úrræði í formi aðstoðar sem krefjast ekki nauðungarvistunar en eru ekki talin geta þjónað einstaklingnum og hafa því verið fullreynd.

Um 12. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 2. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna tengist tillögu sem fram kemur í 11. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að með beiðni um nauðungarvistun þurfi að fylgja tvö læknisvottorðs í stað eins. Vísast um það nánar til skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 2. másl. 24. gr. laganna tengist tillögu sem fram kemur í 11. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að með beiðni um nauðungarvistun þurfi að fylgja tvö læknisvottorðs í stað eins. Vísast um það nánar til skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á 29. gr. a laganna sem lýtur að framlengingu nauðungarvistunar.

Í a-lið er mælt fyrir um breytingu á 3. másl. 1. mgr. til að áréttingar á því undir hvaða dómstól skuli leggja fram kröfu um framlengingu nauðungarvistunar í allt að 12 vikur, sem kæmi í framhaldi af nauðungarvistun í allt að 21 dag samkvæmt ákvörðun sýslumanns. Í 5. mgr. 29. gr. a er vísað til ákvæðis 9. gr. gildandi lögræðislaga um varnarþing í lögræðissviptingarmálum þar sem segir að varnarþing skuli vera í þinghá þar sem varnaðili á lögheimili. Ef hann hefur fastan dvalarstað í annarri þinghá en þar sem lögheimili hans er, skuli bera fram kröfu í þeirri þinghá. Þar sem einstaklingur sem er nauðungarvastaður í sjúkrahúsi dvelst þar gegn vilja sínum, er almennt um að ræða skammtíma vistun sem ekki telst vera tímabundið úrræði samkvæmt lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018. Þar sem mál um framlengingu nauðungarvistunar þurfa alla jafna að afgreiðast svo fljótt sem verða má, verður að telja heppilegra að mál sé rekið í þeirri þinghá þar sem varnaðili dvelur gegn vilja sínum. Er breytingin lögð til í þeim tilgangi að taka af allan vafa um hvar mál skuli borið upp við þessar aðstæður. Til samræmis er lagt til að tilvísun til 9. gr. laganna í 5. mgr. 29. gr. a falli brott, sbr. tillögu sem fram kemur í d-lið þessarar greinar.

Í b-lið er tillaga um nánara efni yfirlýsingar læknis sem þarf að fylgja kröfu um framlengingu nauðungarvistunar. Yfirlýsingin þarf annars vegar að bera með sér að læknirinn hafi framkvæmt mat á þeim úrræðum í formi aðstoðar sem koma til greina í tilfalli einstaklingsins og að vægari úrræði séu fullreynd eða þyki bersýnilega þýðingarlaus í hans tilfalli. Umfjöllun um tilraun læknis til að ná samkomulagi við einstaklinginn um áframhaldandi meðferð ef þörf krefði er liður í þessu mati læknis og því þarf að auki að gera grein fyrir henni í yfirlýsingunni. Hins vegar þarf yfirlýsingin að bera með sér að læknirinn hafi framkvæmt heildstætt mat á högum einstaklingsins og komist að þeirri niðurstöðu að framlenging nauðungarvistunar sé nauðsynleg vegna öryggis einstaklingsins sjálfs eða annarra, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um fyrri meðferð viðkomandi og að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fram koma í 2. mgr. 19. gr. laganna. Í b-lið er jafnframt að finna tillögu sem er sambærileg tillögu sem fram kemur í 5. og 11. gr. frumvarpsins um að vottorð tveggja lækna þurfi að liggja fyrir, þ.e. vottorð meðferðaraðilans og annars sem er óháður hlutaðeigandi sjúkrahúsi, áður en ákvörðun er tekin um framlengingu nauðungarvistunar. Mikilvægt þykir að dómari fái greinargóða yfirsýn um þá meðferð sem einstaklingurinn hefur hlotið og að hann geti á grundvelli fyrirliggjandi gagna endurskoðað mat lækna um nauðsyn áframhaldandi nauðungarvistunar. Vegna þessa eru framangreindar breytingar lagðar til á ákvæði 2. mgr. 29. gr. a lögræðisлага.

Í c-lið er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. til áréttingar á því að heimild til að framlengja nauðungarvistun í allt að 21 dag, sem sýslumaður hefur samþykkt, eigi einnig við ef lögð hefur verið fram krafa fyrir dómi um framlengingu nauðungarvistunar í allt að 12 vikur. Þá á framlenging nauðungarvistunar vegna kröfu sem gerð er fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis jafnframt áfram við. Með orðalagsbreytingunum er brugðist við ábendingu frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, um að dómari skuli án tafar tilkynna yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst um að krafa sé komin fram um framlengingu nauðungarvistunar eða sviptingu sjálfræðis og hvenær hún barst dómimum.

Í d-lið eru lagðar til breytingar á tilvísun til annarra ákvæða laganna þannig að ákvæði 8. gr. eigi við eftir atvikum um form og efni kröfu um framlengingu nauðungarvistunar skv. 1. mgr. 29. gr. a laganna. Eins og fyrr greinir er lagt til að tilvísun til ákvæðis 9. gr. laganna falli brott til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr. 29. gr. a laganna.

Um 15. gr.

Lagt er til að vísað verði til 27. gr. laganna til áréttingar á því að ráðgjafinn sem 3. mgr. 30. gr. vísar til sé sá sami og starfar eftir ákvæðum 27. gr. laganna vegna nauðungarvistunar á sjúkrahúsi. Þrátt fyrir að athugasemdir um 27. gr. frumvarps er varð að lögræðislögum nr. 71/1997 vísi til þess að um sama ráðgjafa sé að ræða, þykir rétt að eyða öllum vafa með tilvísun í ákvæðið. Mikilvægt þykir að nauðungarvastaður maður njóti ráðgjafar og stuðnings sérstaks og hlutlauss fagaðila meðan á nauðungarvistuninni stendur og að sami aðili geti eftir atvikum aðstoðað hann við kröfugerð skv. 30. gr. laganna. Ljóst þykir að ríkja þurfi traust milli ráðgjafans og hins nauðungarvastaða manns eigi ráðgjafi að geta sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt og því sé rétt að áréttu í ákvæðinu að um sama ráðgjafa sé að ræða.

Um 16. gr.

Lagt er til að við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein sem fjallar um tilkynningarskyldu dómara gagnvart sýslumanni og yfirlækni í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar um nauðungarvistun eða framlengingu hennar. Niðurstaða dómara varðar þá aðila sem komið hafa

202322. ágúst 2023

að máli, þ.e. sjúkrahúsið sem á í hlut og sýslumann, og því þykir mikilvægt að eyða öllum vafa með því að mæla fyrir um þá skyldu dómara að senda sýslumanni og yfirlækni viðkomandi deildar á sjúkrahúsi staðfest endurrit úrskurðar. Hafi úrskurðurinn verið kærður til Landsréttar skal rétturinn upplýsa sýslumann og yfirlækni um niðurstöðu úrskurðar ásamt því að senda héraðsdómara málsins staðfest endurrit af dómi. Með þessari breytingu er brugðist við ábendingu sem barst meðal annars frá sýslumannsembættinu á höfuðborgarsvæðinu, um að ekki sé gætt nægilega vel að því af hálfu dómstóla að upplýsa framangreinda aðila um lyktir mála. Þá hafi jafnframt verið uppi óvissa um skyldur Landsréttar í þeim efnum sem rétt þykir að eyða með þessari breytingu.

Um 17. gr.

Lagt er til að nýr málsliður bætist við ákvæði 5. mgr. 39. gr. laganna er varðar efni skipunarbréfs ráðsmanns í tengslum við skýrsluskil til yfirlögráðanda skv. 1. mgr. 45. gr. laganna. Er lagt til að yfirlögráðandi skuli taka fram í skipunarbréfi ráðsmanns hvenær hann skuli fyrst skila árlegri skýrslu sinni til yfirlögráðanda. Er við það miðað að það verði gert u.þ.b. ári eftir að ráðsmaður tekur við skipunarbréfi. Í 1. mgr. 45. gr. laganna er kveðið á um að skýrsluskil skuli vera fyrir 1. mars ár hvert en með 19. gr. þessa frumvarps er samhliða lagt til að sú dagsetning verði felld brott úr lögnum. Þar sem eftirlit yfirlögráðenda með ráðsmönnum og lögráðamönnum er viðamikil og framkvæmt um svipað leyti ár hvert, þ.e. fyrir 1. apríl og 1. maí, er talið að með því að dreifa skýrsluskilum ráðsmanna betur yfir árið, í stað þess að festa skýrsluskilin við sama dag ársins, muni vinnuálag hjá yfirlögráðendum verða jafnara og eftirlitið skilvirkara. Þannig nái yfirlögráðendur að sinna eftirlitshlutverki sínu betur og bregðast við ef skýrsluskil eru ófullnægjandi og aðstæður kalli á frekari viðbrögð af hálfu yfirlögráðenda.

Um 18. gr.

Með 31. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri grein verði bætt við lögum, 81. gr. a, sem varðar eftirlit yfirlögráðanda með lögráðamanni. Með 18. gr. frumvarpsins er lagt til að við 43. gr. laganna bætist við ný málsgrein sem vísar til þess að um eftirlit yfirlögráðanda með ráðsmanni gilda eftir því sem við á ákvæði 81. gr. a laganna. Ljóst þykir að í grunninn gilda sömu sjónarmið um eftirlit yfirlögráðanda með lögráðamanni og ráðsmanni. Um er að ræða sambærilegar skýrslur sem þessir aðilar þurfa að skila yfirlögráðanda og þykir skýrsluskilin ófullnægjandi leiða þau til sambærilegra viðbragða af hálfu yfirlögráðanda. Þá kann yfirlögráðandi jafnframt að þurfa að bregðast við kvörtunum og ábendingum sem honum kunna að berast um störf framangreindra aðila og því er mikilvægt um leið að tryggja honum fullnægjandi heimildir til að kalla eftir gögnum frá öðrum aðilum svo hann geti sinnt eftirlitinu á fullnægjandi hátt. Í 6. mgr. 81. gr. a laganna er jafnframt áréttað að 1.–5. mgr. greinarinnar eigi við um eftirlit yfirlögráðanda með ráðsmönnum, eftir því sem við á.

Um 19. gr.

Í samræmi við tillögu þá er fram kemur í 17. gr. frumvarpsins er hér lagt til að felld verði brott dagsetning sem fram kemur í 1. mgr. 45. gr. laganna um það hvenær ráðsmaður skuli skila skýrslu til yfirlögráðanda um helstu ákvarðanir sem teknar voru á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings. Er talið heppilegra að yfirlögráðandi tilgreini dagsetningu skýrsluskila í skipunarbréfi ráðsmanns, þannig að vinnuálag yfirlögráðenda dreifist betur en

nú er, sbr. athugasemdir sem fram koma í skýringum við 17. gr. frumvarpsins og vísast nánar til þeirra.

Um 20. gr.

Breyting sú sem hér er lögð til á 1. mgr. 52. gr. laganna byggist á breyttu heiti sýslumannsembættu vegna sameiningar þeirra 1. janúar 2015, við gildistöku laga um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um að ákvæði sem fram kemur í 1. mgr. 54. gr. laganna, þess efnis að skipaður lögráðamaður megi ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem fjallar um kynferðisbrot, verði fellt brott. Með því að fella brott tilvísun í XXII. kafla almennra hegningarlaga mæli ákvæðið fyrir um að hinn skipaði lögráðamaður megi ekki hafa gerst brotlegur við almenn hegningarlög en ekki einstaka kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 54. gr. laganna var nýmæli sem lögfest var með 20. gr. laga nr. 84/2015 um breytingu á lögræðislögum, en með því voru samþykktar auknar kröfur til þeirra sem skipaðir eru lögráðamenn. Var breytingin liður í því að gera ríkar siðferðiskröfur til skipaðra lögráðamanna. Eins og fram kemur í athugasemdum um 20. gr. frumvarpsins (þskj. 1161, 687. mál, 144. lögjafarþing 2014–2015) var þar með ekki útilokað að önnur brot gætu einnig komið í veg fyrir að einstaklingur yrði skipaður lögráðamaður, enda segir í lögnum að hann skuli vera ráðvandur og ráðdeildarsamur. Með því að vísa hins vegar sérstaklega til XXII. kafla almennra hegningarlaga eins og nú er gert, er hætt við að aðrir kaflar laganna og önnur hegningarlaga brot lúti í lægra haldi við mat á hæfi einstaklings til að verða skipaður lögráðamaður. Með því að fella nú brott tilvísun í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga er verið að leggja áherslu á að auk kynferðisbrota geti önnur brot gegn almennum hegningarlögum einnig komið í veg fyrir að einstaklingur verði skipaður lögráðamaður. Við skipun lögráðamanns verði þannig að líta heildstætt á mál einstaklings og leggja mat á það hvaða brot viðkomandi gegn almennum hegningarlögum eigi að útiloka að hann verði skipaður lögráðamaður, að teknu tilliti til aðstæðna hins svipta og atvika að öðru leyti. Þannig er lagt til að það falli í hlut yfirlögráðanda að meta hvort brot viðkomandi geti haft áhrif á hæfi hans til að gegna starfinu, óháð tegund, umfangi og tíma brotsins, og að sýslumaður hafni því að skipa viðkomandi lögráðamann telji hann hættu á að viðkomandi muni ekki sinna starfsskyldum lögráðamanns skv. 60. gr. laganna á fullnægjandi hátt.

Um 22. gr.

Hér er lögð til breyting á 3. mgr. 55. gr. laganna um það hverjum yfirlögráðandi skuli gefa kost á að tjá sig um val á lögráðamanni áður en skipun lögráðamanns fer fram. Í gildandi ákvæði er kveðið á um að maka eða sambúðarmaka einstaklings, sem sviptur er lögræði, skuli veitt færi á að tjá sig um val á lögráðamanni. Hér er lagt til að ákvæðið verði víkkað þannig að sóknaraðila lögráðamáls, ef hann er annar en maki eða sambúðarmaki, verði einnig gefinn kostur á að láta í ljós skoðun sína um val á lögráðamanni.

Með breytingunni er brugðist við ábendingum sem borist hafa ráðuneytinu m.a. frá umboðsmanni Alþingis um að gildandi ákvæði sé of þröngur stakkur sniðinn ef t.d. hinn svipti er ófær um að tjá vilja sinn og maka eða sambúðarmaka er ekki treystandi til að fara með lögráð viðkomandi t.d. vegna mögulegra hagsmunaárekstra. Meðal annars hafa aðstandendur,

aðrir en maki eða sambúðarmaki, t.d. börn, bent á að sanngjarnt geti verið að þeim sé gefinn kostur á að tjá sig um val á lögráðamanni. Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði talið upp hverjum yfirlögráðandi skuli gefa kost á að tjá sig um þetta val, heldur verði við það miðað hver hafi komið að beiðni um sviptingu lögræðis. Er sú leið lögð til m.a. vegna möguleika yfirlögráðanda á að afla upplýsinga um ættingja hins svipta í beinan legg og systkini auk þess sem er næstur erfingi hins svipta að lögum eða samkvæmt erfðaskrá. Ekki aðeins eru upplýsingar um börn og systkini ekki aðgengileg í vottorðum útgefnum af Þjóðskrá Íslands heldur eru erfðaskrár ekki aðgengilegar yfirlögráðendum í öðrum tilfellum en þegar hinn svipti hefur leitað til sýslumanns eftir lögbókanda- eða arfleiðsluvottorði um undirritun. Þá koma að auki til skoðunar heimildir sýslumanna til að láta af hendi endurrit eða afrit skjala sem hann hefur ritað vottorð á, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um lögbókandagerðir, nr. 86/1989, til yfirlögráðanda. Raunhæft þykir að ætla yfirlögráðanda að hafa upp á sóknaraðila lögræðissviptingarmáls, enda komi þær upplýsingar fram í úrskurði héraðsdómara sem berst yfirlögráðanda í kjölfar sviptingar skv. 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga. Auk þess að sóknaraðilar lögræðissviptingarmáls hafi kost á því að tjá sig um val á lögráðamanni, er þeim með þeirri tillögu sem fram kemur í 31. gr. frumvarpsins tryggður réttur til að koma kvörtunum yfir störfum lögráðamanns á framfæri við yfirlögráðanda, sem ber að rannsaka efni kvörtunar eftir því sem hann telur tilefni til og tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu athugunarinnar, sbr. nýtt ákvæði 2. mgr. 81. gr. a laganna. Með þessari breytingu er að hluta brugðist við ábendingum umboðsmanns Alþingis.

Um 23. gr.

Í 23. gr. eru lagðar til breytingar á 56. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um ákvörðun um skipun lögráðamanns.

Breytingar þær sem lagðar eru til í a- og b-lið á 1. og 2. málslíð c-liðar 1. mgr. taka mið af þeirri breytingu sem gerð var á lögræðislögum með lögum nr. 84/2015, þegar ótímabundnar sviptingar einstaklinga voru aflagðar. Þarfnast ákvæðin ekki frekari skýringar.

Í c-lið er lagt til að nýr málslíður bætist við 2. mgr. um það hvenær lögráðamaður skuli gefa yfirlögráðanda skýrslu um störf sín. Er hér um að ræða sambærilega breytingu og fram kemur í 17. gr. frumvarpsins um skýrslugjöf ráðsmanns og vísast nánar til þess er segir í skýringum við þá grein. Með ákvæðinu er m.a. brugðist við ábendingum sem borist hafa frá sýslumönnum um misræmi í gildandi lögum varðandi skýrsluskil lögráðamanns og ráðsmanns til yfirlögráðanda, sbr. 3. mgr. 63. gr. og 1. mgr. 45. gr. laganna, þar sem tímamarkið er annars vegar 1. apríl ár hvert og hins vegar 1. mars ár hvert. Í 18. og 26. gr. frumvarpsins er lagt til að þessar dagsetningar verði felldar brott en í staðinn er yfirlögráðanda með þeirri breytingu sem hér er lögð til falið að kveða á um dagsetningu um skil á skýrslu í skipunarbréfi lögráðamanns. Er breytingin m.a. liður í að jafna vinnuálag hjá yfirlögráðendum og gera þeim betur kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu. Eins og fram kemur í 34. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem fjallar um skýrsluskil þeirra ráðsmanna og lögráðamanna sem skipaðir voru fyrir gildistöku laga þessara, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að 1. apríl ár hvert eigi við um skýrsluskil þeirra meðan skipunartíminn varir. Er þetta lagt til svo yfirlögráðendur þurfi ekki að endurupptaka fyrri ákvarðanir um skipun til þess eins að ákveða dagsetningu fyrir skýrsluskilin.

Í d-lið er lögð til breyting á 3. mgr. sem leiðir af breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 84/2015 um að einungis er nú heimilt að svipta mann lögræði tímabundið. Er lagt til að skipun lögráðamanns vari fram að þeim tíma sem lögræðissviptingu lýkur, en þó ekki lengur

en í fimm ár ef svipting hefur verið ákveðin til lengri tíma en það. Að binda hámarkstíma skipunar við fimm ár er m.a. liður í auknu eftirlitshlutverki yfirlögráðenda með skipuðum lögráðamönnum. Hafi einstaklingur verið sviptur til lengri tíma en fimm ár og fyrri lögráðamaður veitir samþykki sitt fyrir áframhaldandi skipun, mun yfirlögráðandi þurfa að yfirfara frammistöðu hans og hæfi til að gegna starfinu áfram, sbr. 54. gr. laganna, kalla eftir afstöðu hins svipta og gefa öðrum kost á að tjá sig um val á nýjum lögráðamanni, sbr. 55. gr. laganna, og í kjölfarið taka nýja ákvörðun um skipun lögráðamanns, sbr. 56. gr. laganna. Með þessu er betur tryggt að hinn svipti, maki eða sambúðarmaki og sóknaraðili lögræðissviptingarmálsins fái að hafa skoðun á frammistöðu lögráðamanns og að koma afstöðu sinni á framfæri við yfirlögráðanda, ásamt því að tryggja að yfirlögráðandi geti brugðist við og skipað nýjan lögráðamann ef aðstæður þess fyrri hafa breyst frá því hann var upphaflega skipaður.

Um 24. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á ákvæði 2. mgr. 58. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um heimild lögráðamanns sjálfræðissvipts einstaklings til að ákveða vistun skjólstæðings hans á stofnun gegn vilja sínum. Í gildandi lögum er kveðið á um að þetta geti verið heimilt ef lífi eða heilsu hins svipta sé hættu búin að mati lækni. Lögð er til sú viðbót í 1. másl. að heimildin geti einnig átt við ef öðrum geti stafað hættu af hinum svipta. Er tillagan í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 2. mgr. 19. gr. laganna og fram kemur í 8. gr. frumvarpsins, sem vísar m.a. til þeirra hagsmuna sem úrræðinu er ætlað að vernda. Auk ástands hins svipta einstaklings, sem getur leitt til þess að lífi hans og heilsu sé hættu búin, getur ástand hans einnig verið þannig að öðrum stafi hættu af því og ber þá að taka tillit til þess ef alvarleiki þess reynist á því stigi að nauðsynlegt teljist að gera ráðstafanir vegna þess.

Eins og fram kemur í athugasemdum um 2. mgr. 58. gr. laganna (pskj. 707, 410. mál, 121. löggjafarþing 1996–1997) taldi nefnd sú sem kom að setningu lögræðislaga, nr. 71/1997, að nauðsynlegt væri að hafa heimild í lögum um að lögráðamaður gæti tekið ákvörðun um vistun lögræðissvipts einstaklings gegn vilja sínum, enda eigi ákvæði III. kafla um nauðungarvistun aðeins við um þá sem eru sjálfráða. Ljóst sé þó að heimildin verði að sæta takmörkunum og að henni beri að beita með varúð. Enn fremur segir að um framkvæmd ákvörðunar fari skv. 4. mgr. 19. gr. lögræðislaga og 25.–28. gr. eftir því sem við eigi.

Jafnframt er lagt til að í mati lækni á ástandi hins sjálfræðissvipta verði sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn þess að hann fái viðeigandi meðferð eða þjónustu á stofnun. Til þess að tryggja mannréttindasjónarmið sem best, hvað varðar meðferð þessara mála og réttindi einstaklings, er mikilvægt að fram hafi farið mat á því að viðkomandi úrræði sé nauðsynlegt þar sem sýnt þykir að meðferð geti ekki verið veitt með öðrum vægari úrræðum. Þá er lögð til sú breyting á 2. másl. að í stað vísunar til laga um málefni fatlaðs fólks komi vísun til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem tóku við af fyrrnefndu lögum með lögum nr. 38/2018.

Að lokum er lögð til sú breyting á 3. másl. 2. mgr. að til viðbótar við skyldu lögráðamanns til að tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðun sína um vistun hins svipta á stofnun, þurfi lækni ástandi sem mat aðstæður hins sjálfræðissvipta manns þannig að vistunin væri nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu hins svipta eða annarra, að tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðunina þegar í stað ásamt því að senda yfirlögráðanda læknisvottorðið sem ákvörðunin studdist við. Mikilvægt þykir að tryggja að yfirlögráðandi fái upplýsingar um vistun á þessum grundvelli án tafar þannig að hann geti betur sinnt eftirlitshlutverki sínu og brugðist við ef ákvörðun þykir

óeðlileg eða honum berast athugasemdir frá hinum svipta eða ráðgjafa hans skv. 27. gr. laganna. Með 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins eru yfirlögráðanda jafnframt tryggðar heimildir til að afla frekari gagna frá lögráðamanni og lækni vegna ákvörðunar lögráðamanns um vistun á stofnun skv. 2. mgr. 58. gr. laganna og þannig er betur tryggt að yfirlögráðandi sé upplýstur um aðstæður hins svipta, og geti beitt sér fyrir því að hann njóti nauðsynlegrar aðstoðar ráðgjafa og viðhaft eftirlit með því hvort lögráðamaðurinn gegni starfinu í samræmi við starfsskyldur hans skv. 60. gr. laganna.

Um 25. gr.

Hér er mælt fyrir um breytingar á 63. gr. laganna sem tengjast skýrslugjöf lögráðamanns til yfirlögráðanda vegna ákvarðana um fjárhald og eignaumsýslu ófjárráða einstaklings.

Í a-lið er lagt til að tímamarkið sem fram kemur í 1. mgr., um það hvenær gefa skuli yfirlögráðanda skýrslu vegna einstaklings sem er ófjárráða fyrir æsku sakir, verði 1. apríl ár hvert í stað 1. mars. Með ákvæðinu er brugðist við ábendingum frá sýslumönnum um að dagsetningin 1. apríl falli betur að tímaramma skattframtala einstaklinga.

Í b- og c-lið er lagt til að skýrslugjöf lögráðamanns til yfirlögráðanda skv. 1. mgr. miðist við að eignir hins ólögráða séu 1.500.000 kr. eða þar yfir í stað 1.000.000 kr. og að fjárhæðin miðist við vísitölu neysluverðs í janúar 2024 í stað 2016. Sambærileg tillaga kemur fram í e-lið er varðar tilkynningu lögráðamanns til yfirlögráðanda ef hinum ófjárráða áskotnast verðmæti. Með ákvæðunum er leitast við að samræma þessar fjárhæðir öðrum fjárhæðum sem lagðar eru til í 27. og 28. gr. frumvarpsins og varða eftirlit yfirlögráðanda og samráð lögráðamanns við yfirlögráðanda um varðveislu og ávöxtun eigna ófjárráða manns.

Í d-lið er lagt til að felld verði brott dagsetningin 1. apríl í 3. mgr. um skil á skýrslu lögráðamanns fjárræðissvipts einstaklings. Tengist sú breyting tillögu er fram kemur í c- lið 23. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að tekið verði fram í skipunarbréfi lögráðamanns hvenær gefa skuli skýrslu til yfirlögráðanda og vísast nánar um það til skýringa við þá grein. Þar sem í flestum tilvikum er ekki um að ræða að skipaður sé sérstakur lögráðamaður þegar einstaklingur er ófjárráða fyrir æsku sakir, er talið að það eigi betur við að hafa fasta dagsetningu um skýrsluskil þeirra í lögnum. Ef þeim einstaklingum er skipaður sérstakur fjárhaldsmaður gilda hins vegar ákvæði 3. mgr. 63. gr. eins og fram kemur í 1. mgr. 63. gr.

Í e-lið er lögð til orðalagsbreyting á 1. másl. 4. mgr., sem er fyrst og fremst ætlað að auka skýrleika ákvæðisins og tryggja betur eftirlit yfirlögráðanda, en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Um 26. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist ákvæði um að yfirlögráðandi skuli gegna starfi lögráðamanns ef hann, að eigin frumkvæði, veitir skipuðum lögráðamanni lausn frá störfum, ef lögráðamaður brýtur gegn starfsskyldum sínum skv. 60. gr. eða hann gerist með öðrum hætti brotlegur í starfi. Ákvæðið á sér stoð í 52. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að við sviptingu lögræðis hverfi lögráðin til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn lögræðissvipti á lögheimili. Til skýringa vísast nánar til athugasemda um þá grein (þskj. 707, 410. mál, 121. löggjafarþing 1996–1997). Þó að ákvæðið sé nýmæli er ekki um eiginlega efnisbreytingu að ræða enda hefur verið litið svo á að þessi regla hafi gilt fram til þessa. Er breytingunni ætlað að taka af allan vafa um að yfirlögráðandi fari með lögráðin þar til nýr lögráðamaður hefur verið skipaður og þar með að árétta skyldur yfirlögráðanda í þeim efnunum.

Um 27. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting á 2. mgr. 67. gr. laganna að grunnfjárhæð á verðmæti eigna ófjárráða einstaklings, sem varðveita skal og ávaxta að höfðu samráði lögráðamanns og yfirlögráðanda, skuli hækka úr 500.000 kr. í 1.500.000 kr. Jafnframt er í b-lið lagt til að sú fjárhæð verði auglýst árlega í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs. Fjárhæðin hefur verið óbreytt frá gildistöku lögræðislaga 1. janúar 1998. Með lögum nr. 84/2015 voru sambærilegar grunnfjárhæðir sem fram koma í 1. og 3. mgr. 63. gr. laganna hækkaðar úr 500.000 kr. í 1.000.000 kr. og þær tengdar við vísitölu neysluverðs. Við sama tækifæri láðist að gera samsvarandi breytingar á 2. mgr. 67. gr. og 73. gr. laganna og hefur því verið misræmi milli þessara fjárhæða frá 1. janúar 2016. Er nú lagt til að það misræmi verði lagfært, sbr. einnig 28. gr. frumvarpsins, en til þess þarf að samræma bæði grunnfjárhæðir og viðmiðunardagsetningu vísitölu sem fram kemur í 63. gr. laganna, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Breyting sú sem hér er lögð til á 1. mgr. 73. gr. laganna, að hækka grunnfjárhæð úr 500.000 kr. í 1.500.000 kr., varðandi tilkynningarskyldu til yfirlögráðanda þegar fjárgreiðsla er innt af hendi til lögráðamanns ófjárráða manns, sem er eign hins ófjárráða, er sambærileg við breytingu þá er fram kemur í 27. frumvarpsins. Um skýringar með ákvæðinu vísast nánar til umfjöllunar um þá grein.

Um 29. gr.

Lagt er til að við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein sem heimilar ráðherra að ákveða í reglugerð að verkefni sem yfirlögráðendum eru falin samkvæmt lögræðislögum verði á hendi eins eða fleiri sýslumanna. Verkefni yfirlögráðenda innan hvers umdæmis eru fjölbreytt og í grunninn þau sömu þótt fjöldi mála vegna sviptra einstaklinga, skipaðra ráðsmanna og fjárhalds barna sé mismunandi milli umdæma. Vegna þessa skapast minni tækifæri fyrir sérhæfingu hjá smærri sýslumannsembættum við framkvæmd starfans og um leið er hætt við að verkefnunum verði ekki sinnt með eins skilvirkum hætti og hjá stærri embættum. Með því að tryggja ráðherra heimild til að skipta verkefnunum milli yfirlögráðenda er betur unnt að byggja upp faglega þekkingu á afmörkuðum verkefnum yfirlögráðenda, tryggja samfellu og samræmda málsmeðferð og um leið bæta skilvirknina við framkvæmd starfans. Sum verkefnin eru viðkvæm og krefjast nálægðar yfirlögráðanda við skjólstæðinga og fjölskyldumeðlimi þeirra og því eru takmörkuð tækifæri til að færa þau verkefni út fyrir umdæmi einstaklingsins. Önnur verkefni eru hins vegar tiltölulega afmörkuð og þess eðlis að hægt er að sinna þeim hvar sem er, óháð staðsetningu einstaklingsins og starfsstöð yfirlögráðanda. Slíkum verkefnum væri hæglega hægt að safna saman á landsvísu og fela tilteknu sýslumannsembætti, einu eða fleirum, framkvæmd þeirra. Dæmi um verkefni af þessum toga er yfirferð skýrslna ráðsmanna og lögráðamanna til yfirlögráðanda um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings, eftirfylgni með tilkynningum um að ófjárráða einstaklingi hafi áskotnast verðmæti og afgreiðsla beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðanda vegna ráðstöfunar á eign ófjárráða einstaklings, sbr. 69.–72. gr.

Ákvæðið þykir styðja við þá stefnu sem mörkuð hefur verið fyrir starfsemi sýslumannsembættanna og birtist í skýrslu sem dómsmálaráðuneytið gaf út í mars 2021 og ber heitið „Sýslumenn – Framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri“ (þskj. 1043, 609. mál, 151. löggjafarþing 2020–2021). Eitt af meginmarkmiðum skýrslunnar er að skilgreina sýslumannsembættin sem eina þjónustustofnun með starfsemi á einu þjónustusvæði, þar sem

nálgast má þjónustu embættanna hvar og hvenær sem er, allt eftir óskum og þörfum almennings. Heimild ráðherra til að skipta afmörkuðum verkefnum sem falla í hlut allra yfirlögráðenda milli eins eða fleiri sýslumannsembætta þykir falla vel að framangreindri stefnu málaflokksins.

Um 30. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 81. gr. laganna falli brott þar sem efnisleg ákvæði hennar verði flutt í nýja grein, 81. gr. a, en þó með aukinni heimild yfirlögráðenda til gagnaöflunar, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Hér er lagt til að við lögin bætist ný grein, 81. gr. a, sem fjallar um eftirlit yfirlögráðenda með lögráðamönnum.

Í 1. mgr. er fjallað um einn af meginþáttum eftirlitshlutverks yfirlögráðenda, sem er að yfirfara þær skýrslur sem lögráðamönnum ber að skila yfirlögráðendum skv. 63. gr. og taka afstöðu til þess, á grundvelli skýrslanna og fylgigagna, fyrri samskipta við lögráðamann og ábendinga og gagna sem yfirlögráðanda hafa borist, hvort lögráðamaðurinn sé að rækja starfsskyldur sínar í samræmi við 1. og 2. mgr. 60. gr. og VI. kafla laganna. Eins og fram kemur í athugasemdum um 63. gr. lögræðis laga, nr. 71/1997, eru skýrslugjafir lögráðamanna mikilvægur þáttur í eftirliti yfirlögráðenda með störfum lögráðamanna. Mikilvægt er að yfirferð skýrslanna sé tekin föstum tökum og að yfirlögráðendur beiti þeim heimildum sem fjallað er um í 63. gr. laganna ef vísbendingar eru uppi um að lögráðamaður sinni ekki starfsskyldum sínum á fullnægjandi hátt. Að öðru leyti vísast til athugasemda um 63. gr. laganna (þskj. 707, 410. mál, 121. lögjafarþing 1996–1997).

Með 2. mgr. er brugðist við ábendingum sem ráðuneytinu hafa borist m.a. frá umboðsmanni Alþingis og réttindagæslumönnum fatlaðs fólks, um mikilvægi þess að tryggja öðrum en hinum svipta úrræði til að kvarta yfir störfum lögráðamanns við yfirlögráðanda. Með 22. gr. frumvarpsins er sóknaraðilum lögræðissviptingarmáls, sem oft eru nákomnir honum, gefinn kostur að tjá sig um val á lögráðamanni en með 2. mgr. 81. gr. a er mælt fyrir um skyldu yfirlögráðanda til að rannsaka sérstaklega kvartanir sömu aðila ef tilefni er til, og leggja mat á það á grundvelli þeirra, framlagðra gagna og atvika að öðru leyti, hvort lögráðamaðurinn sé að sinna starfi sínu í samræmi við ákvæði laganna. Þá ber yfirlögráðanda að auki að tilkynna lögráðamanni, hinum svipta og þeim sem leggur fram kvörtunina um niðurstöðu athugunarinnar. Með þessum tveimur ákvæðum, þ.e. 22. gr. og 31. gr. frumvarpsins, er nákomnum ættingjum og erfingjum tryggð aukin aðild að lögráðamálum, þótt að svo stöddu sé ekki talið rétt að þeir njóti stöðu málsaðila lögráðamáls.

Í 3. mgr. er fjallað um skyldu yfirlögráðanda til að taka við ábendingum og kvörtunum yfir störfum lögráðamanns frá öðrum en þeim sem greinir í 2. mgr. og að hann meti hvort og þá hvaða viðbrögð ábendingarnar kalli á. Mikilvægt þykir að tryggja öðrum en sóknaraðilum lögræðissviptingarmáls rétt til að koma athugasemdum yfir störfum lögráðamanns á framfæri við yfirlögráðanda og að hann taki þær til skoðunar og grípi til viðbragða ef nauðsynlegt þykir með hagsmuni hins svipta að leiðarljósi. Ekki er útilokað að aðrir en sóknaraðilar lögræðissviptingarmáls, svo sem aðrir fjölskyldumeðlimir en þeir sem eru nákomnir hinum svipta, verði áskynja um atriði í fari lögráðamanns sem kallar á nánari skoðun af hálfu yfirlögráðanda. Sé ábendingin þess eðlis að hún réttlæti nánari skoðun og rannsókn á störfum

lögráðamanns, er gert ráð fyrir að yfirlögráðandi leysi úr málinu á grundvelli þeirra heimilda sem hann hefur samkvæmt lögræðislögum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um heimildir yfirlögráðanda til að afla upplýsinga og gagna frá öðrum í tengslum við eftirlit hans. Ákvæðið er að hluta efnislega samhljóða 3. mgr. 81. gr. gildandi laga en þar sem heimild til gagnaöflunar tengist náð eftirlitshlutverki yfirlögráðanda, þykir betur fara að staðsetja ákvæðið í nýrri grein laganna, 81. gr. a. Ákvæði 3. mgr. 81. gr. var nýmæli sem lögfest var með 23. gr. laga nr. 84/2015 um breytingu á lögræðislögum. Ákvæðið sem hér er lagt til að verði í 4. mgr. 81. gr. a laganna er hins vegar ítarlegra en það sem er í gildandi lögum og skýrist það að hluta til af kröfum persónuverndarlaga um skýrleika vinnsluheimilda stjórnvalda. Með ákvæðinu er yfirlögráðanda gert heimilt að kalla eftir gögnum og upplýsingum annars vegar frá aðilum sem hafa haft viðskipti við ófjárráða einstakling eða komið að fjármálum hans, og hins vegna frá lögráðamanni og lækni vegna ákvörðunar þess síðarnefnda á grundvelli 2. mgr. 58. gr. laganna um vistun sjálfræðissvipts einstaklings á stofnun. Þeir aðilar sem búa yfir gögnum og upplýsingum sem yfirlögráðandi þarf á að halda til að rækja eftirlitsskyldur sínar, er samkvæmt ákvæðinu skylt að veita yfirlögráðanda aðgang að þeim án endurgjalds. Að öðru leyti vísast til athugasemda um 23. gr. laga nr. 84/2015 (þskj. 1587, 687. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015).

Eftirlit yfirlögráðanda með lögráðamanni kann að leiða í ljós að lögráðamaður hafi brotið gegn starfsskyldum sínum. Við þær aðstæður þarf yfirlögráðandi að meta til hvaða úrræða hann þurfi að grípa til að gæta hagsmuna hins svipta en niðurstaða um það fer hverju sinni eftir eðli og alvarleika brotsins. Úrræði yfirlögráðanda eru af ýmsum toga, svo sem almenn fyrirmæli til lögráðamanns um rækslu starfsskv. 3. mgr. 60. gr. Þá kemur jafnframt til skoðunar hvort yfirlögráðandi þurfi að skipa ólöggráða manni sérstakan lögráðamann (ad hoc) til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann þar sem fastur lögráðamaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrektur, sbr. 53. gr. laganna. Gæti slíkt t.d. komið til skoðunar ef lögráðamaður hefur bakað hinum svipta tjón af lögráðamannsstörfum sínum af ásetningi eða gáleysi og hann geti af þeirri ástæðu verið skaðabótaskyldur gagnvart hinum svipta, sbr. 61. gr. laganna. Þá kemur að auki til skoðunar að yfirlögráðandi veiti skipuðum lögráðamanni lausn frá störfum, hafi hann vanrækt starfsskyldur sínar eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði laga um almennt hæfi sem lögráðamaður, sbr. 2. mgr. 64. gr. laganna. Í 5. mgr. 81. gr. a er að finna nýmæli í lögum sem mælir fyrir um skyldu yfirlögráðanda til að tilkynna lögreglu án tafar ef grunur er um refsiverða háttsemi lögráðamanns eða annarra einstaklinga í garð hins svipta. Ekki er útilokað að eftirlit yfirlögráðanda leiði til þess að grunur komi upp um refsivert brot lögráðamanns, svo sem kynferðisbrot, fjárdrátt, misneytingu eða svik, sem kallar á tafarlausa rannsókn af hálfu lögreglunnar. Við þær aðstæður er mikilvægt að yfirlögráðandi bregðist skjótt við og án tafar með því að tilkynna málið til lögreglunnar ásamt því að grípa til annarra framangreindra viðbragða gagnvart lögráðamanni.

Í 6. mgr. er lagt til að ákvæði 1.–5. mgr. 81. gr. a gildi jafnframt um eftirlit yfirlögráðanda með ráðsmönnum, eftir því sem við á. Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að sambærilegu ákvæði verði bætt við 43. gr. laganna, þar sem vísað yrði til þess að 81. gr. a gildi um eftirlit yfirlögráðanda. Vísast til skýringa við 18. gr. frumvarpsins til nánari skýringa.

Um 32. gr.

Lagt er til að 84. gr. laganna falli brott. Ákvæðið veitir heimildir til að breyta þeim grunnfjárhæðum sem um getur í tilgreindum ákvæðum laganna í samræmi við vísitölu neysliverðs. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að allar þessar fjárhæðir breytist árlega í

samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og ákvæðum þess efnis hefur verið bætt við hlutaðeigandi greinar laganna, er ekki talin lengur þörf á ákvæði 84. gr.

Um 33. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða.

Í d-lið 23. gr. frumvarpsins er lagt til að lögráðamenn séu skipaðir til loka þess tíma sem lögræðissvipting hefur verið ákveðin en þó ekki lengur en til fimm ára í senn. Þar sem ýmis ákvæði frumvarpsins styðja við eftirlit yfirlögráðanda og ætla má að fjöldi skipunarbréfa þar sem lögráðamenn eru skipaðir til lengri tíma en fimm ára fari fækkandi næstu árin, er talið rétt að sá skipunartími sem var ákveðinn skv. c-lið 1. mgr. 56. gr. gildandi laga fái að halda sér út skipunartímann. Ákvæði d-liðar 23. gr. frumvarpsins eigi því aðeins að hafa áhrif á nýjar ákvarðanir yfirlögráðanda um skipun lögráðamanns.

Í 17. og 23. gr. frumvarpsins er lagt til að yfirlögráðandi tilgreini í skipunarbréfi ráðsmanna og lögráðamanna hvenær þeir skuli skila honum árlegri skýrslu sinni um störf sín, í stað þess að það verði bundið við tiltekna dagsetningu eins og nú er. Þar sem það á ekki við um þá sem skipaðir hafa verið ráðsmenn eða lögráðamenn fyrir gildistöku laga þessara er lagt til að dagsetningar sem tilgreindar eru í gildandi lögum eigi áfram við um skýrsluskil þeirra meðan skipunartími þeirra varir.

Um 34. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.